

Samningur um stuðning við menningarverkefni Síðari úthlutun 2008

Samningsaðilar:

Samningsaðilar eru Menningarráð Vestfjarða, kt. 650907-1670, og **NAFN STYRKÞEGA**, kt. **000000-0000**. Verkefnið sem styrkt er ber titilinn: **NAFN VERKEFNIS**.

Forsvarsmaður verkefnisins:

Forsvarsmaður verkefnisins er **NAFN TENGILÍÐS** og ber hann ábyrgð á framkvæmd verkefnisins gagnvart Menningarráði Vestfjarða.

Verkefnið:

Lýsing á verkefninu fylgdi umsókn til Menningarráðs og ábyrgist forsvarsmaður að framvinda verksins verði með þeim hætti sem þar er lýst. Stuðningur Menningarráðs Vestfjarða við verkefnið er bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess verði í samræmi við áætlanir.

Greiðsluáætlun og skilmálar:

Menningarráð Vestfjarða veitir verkefninu styrk að upphæð kr. **000.000.-** sem greiðist í tvennu lagi inn á bankareikning verkefnisins: **0000-00-000**, kt. **000000-0000**. Fyrri hluti, helmingur styrksins, er greiddur eftir undirritun samnings og seinni greiðslan þegar verkefninu eða tilteknum áfanga þess er lokið. Áður en seinni greiðslan er greidd út þarf styrkþegi að skila lokaskýrslu þar sem fjallað er um stöðu verkefnisins, framkvæmdir, árangur og kostnað. Menningarfulltrúi getur óskað eftir að sjá bókhaldsgögn tengd verkefninu. Styrkur Menningarráðs getur aldrei orðið hærri en 50% af kostnaði við verkefni.

Ef ekkert verður af verkefni er styrkur Menningarráðs Vestfjarða afturkræfur og sama gildir ef verulegar breytingar verða á verkefninu, án þess að haft hafi verið samráð um þær við Menningarfulltrúa Vestfjarða. Styrkhafi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis.

Kynning:

Stuðnings Menningarráðs Vestfjarða við verkefnið skal getið í kynningarefni og við aðra kynningu þess eftir því sem kostur er. Ætlast er til að verkefni sem styrkt eru af Menningarráði séu að minnsta kosti kynnt og markaðssett á fjórðungsvísu.

Samskipti:

Menningarfulltrúi Vestfjarða sér um samskipti við styrkþega fyrir hönd Menningarráðs Vestfjarða. Styrkþegi skal tilkynna menningarfulltrúa um dagsetningar viðburða sem tengjast verkefnum með góðum fyrirvara. Menningarráðið fer fram á að fá eintak af útgefnum verkum sem það styrkir og tvo boðsmíða á viðburði og uppákomur.

STAÐUR, DAGSETNING.**F.h. Menningarráðs Vestfjarða****F. h. styrkhafa**
